



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 6. október 2015

1509005SA AGB

Málalýkill: 237

Efni: Móttaka sveitarfélaga á flóttamönnum

Málefni flóttamanna eru í brennidepli og mörg sveitarfélög hafa samþykkt ályktanir um að taka á móti flóttamönnum sem nýjum íbúum. Ljóst er að upp er komin alveg ný staða í flóttamannamálum sem kallar á markvissar og samstilltar aðgerðir allra hlutaðeigandi, þ. á m. sveitarfélaga.


Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fjallaði um málið á síðasta fundi sínum 11. september sl. og samþykkti að sambandið skuli bjóða sveitarfélögum aðstoð sína vegna undirbúnings komu flóttamanna og beita sér gagnvart ríkisvaldinu til hagsbóta fyrir þau¹. Í kjölfarið sendi sambandið samhljóða bréf til velferðar- og innanríkisráðuneyta, dags. 29. september sl., þar sem gerð er grein fyrir samþykkt stjórnar og áhersluatriðum sambandsins og óskaði eftir fundi til að ræða þau og aðkomu sambandsins að undirbúningi vegna móttöku sveitarfélaga á flóttamönnum. Afrit þess fylgir hjálagt en svör hafa ekki ennþá borist.

Sambandið hefur einnig með vísun til samþykktar stjórnar sett á laggirnar þverfaglegt innanhústeymi til að hafa umsjón með aðgerðum þess vegna málefna flóttamanna og innflytjenda en málefni þessara tveggja hópa eru nátengd. Í teyminu eiga sæti sérfræðingar af þróunar- og alþjóðasviði, hag- og upplýsingasviði og lögfræði- og velferðarsviði sambandsins. Fyrsta verkefni teymisins er að vinna að kostnaðargreiningu á þjónustu sveitarfélaga við flóttamenn. Annað verkefni teymisins er að byggja upp samstarfsnet við sveitarfélög og þetta bréf er fyrsta skrefið í þá átt. Hugmyndin er sú að bjóða sveitarfélögum, sem hafa ályktað um móttöku flóttamanna eða eru að íhuga að taka á móti flóttamönnum, að tilnefna einn eða fleiri tengiliði við teymið². Þannig verði myndað samstarfsnet sem verði vettvangur fyrir upplýsingamiðlun og skoðanaskipti á netinu og hefðbundnum fundum.

Það er mikilvægt fyrir sambandið að hafa yfirsýn yfir stöðuna og þess vegna er að lokum óskað eftir upplýsingum um hvaða sveitarfélög hafa sent ályktanir til ráðuneytisins um móttöku flóttamanna. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um hvað brenni helst á þeim vegna málsins og hvaða sjónarmið þau hafa um aðkomu sambandsins að því. Upplýsingar verði sendar á tölvupóstfangið anna@samband.is.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Anna G. Björnsdóttir
sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs

¹ Minnisblað og norræn samantekt, dags. 9. september sl., sem lögð voru fram á fundinum fylgja hjálögð til upplýsinga.